


Alþingi
Erindi nr. D 1201189
komudagur 18.14 1996

Nefndardeild Alþingis,
Efnahags- og viðskiptadeild,
Þórshamri v/ Templarasund,
150 REYKJAVÍK

17. apríl 1996

Meðfylgjandi er umsögn Félags tækniskólakennara um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 372. mál, heildarlög.

F.h. Félags tækniskólakennara


Brynja R. Guðmundsdóttir
formaður

Umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frumvarpið skiptir ríkisstarfsmönnum að nokkru leyti í tvo hópa, annars vegar svokallaða embættismenn sem verði "skipaðir" eða "settir" í 5 ár og hins vegar starfsmenn sem verði ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Skipun eða setning í 5 ár er þó ekki bindandi fyrir ráðherra sem er gefin leið til þess að "leysa embættismann frá störfum" sbr. grein 25. og það þó 5 árin séu ekki liðin.

Embættismaður skal þá hafa rétt til þess að tala máli sínu, ef það er unnt.

Hér er því varla um að ræða setningu eða skipun í embætti. Embættismaður má svo "veita starfsmanni lausn frá störfum" og þarf enga ástæðu að gefa til þess.

Ekki er lengur nauðsynlegt að auglýsa lausar stöður hjá ríkinu.

Nefnd sú sem að samningu frumvarpsins hefur staðið telur að hún ætli að stefna að eftirfarandi markmiðum:

1. Valddreifingu.

Hér er gert ráð fyrir því að færa að nokkru leyti vald til forstöðumanna stofnana, en þó er þess alls staðar vandlega gætt í frumvarpinu að valdið sé þó hjá ráðherra sbr. atriði 8 og 10 í grein 22. um "setningu eða skipun" í starf forstöðumanns, grein 13 og víðar. Í grein 4 er lausn ágreinings um gildissvið laga þessarra eingöngu á valdi ráðherra. Í raun er því ekki um neina valddreifingu að ræða.

2. Auknum sveigjanleika í starfsmannahaldi.

Hér er gert ráð fyrir því að reka megi starfsmenn úr vinnu eftir duttlungum forstöðumanns eða ráðherra. Sem dæmi má nefna að starfsmenn megi ráða samkvæmt ráðningarsamningi en segja megi þeim samningi upp áður en ráðning fellur úr gildi, skv 41. grein.

3. Einföldun á launakerfi.

Lítið kemur fram um launakerfi í frumvarpinu annað en að forstöðumaður megi með leyfi ráðherra hækka laun einstakra starfsmanna og jafnframt lækka þau aftur. Í grein 47. er að vísu sagt að að gera skuli samninga við stéttarfélag um launagreiðslur. Þar er starfsmanni einnig heimilt að standa utan stéttarfélags og er þá greitt með viðmiðun af samningi stéttarfélags en annars ræður ráðherra einn.

4. Auknar kröfur um menntun og starfsreynslu.

Varla verður við því að búast að ríkinu áskotnist hæft vinnuafli hvað varðar reynslu og menntun ef frumvarp þetta verður að lögum. Það virðist stefna að því að rýra stöðu ríkisstarfsmanna að verulegu leyti og þar sem laun þeirra og vinnuöryggi er háð því að þóknast ráðherra er varla við öðru að búast en að starfsmenn verði einhverjir þægir og mjög auðmjúkir þjónar ráðherra, og er þá stutt í það að ný ríkisstjórn muni velja sér nýtt starfsfólk um leið og hún tekur við völdum.

5. Aukið jafnrétti milli karla og kvenna.

Í 6 grein frumvarpsins stendur þessi setning.

Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sambærileg störf.

Í gildandi lögum nr 38, frá 14 apríl 1954 stendur:

Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf. Eini munur er að í stað sömu kemur orðið sambærileg, en það skal viðurkennt að í því felst aðeins víðari merking.

6. Ríkið verði "fyrsta flokks" vinnuveitandi.

Hér er talað um að þetta þýði að auka jafnrétti milli karla og kvenna þó það sé hvergi minnst á það í frumvarpinu utan þess sem hér var getið næst á undan.

Í umsögn um frumvarpið á bls.19 er sagt aðeins frá stöðu ríkisstarfsmanna á Norðurlöndum. Þess er þó hvergi getið að almennur vinnuréttur starfsmanna í þessum löndum var (og er) þeim mun hagstæðari en hér á landi. Í þessari umsögn er þess og vandlega gætt að segja til um frá hvaða tíma gildandi lög um ríkisstarfsmenn séu, en ekki er þess getið að þó vinnuréttur hafi verið skertur í þessum löndum þá er hann þó enn meiri en á Íslandi, m.a. hvað varðar atvinnuöryggi starfsmanna.

Frumvarpi þessu er skv. því sem stendur á bls.20 m.a. ætlað að jafna réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Hér virðist þó víða vera gengið allmikið lengra í þá átt að rýra réttindi opinberra starfsmanna umfram þau lélegu réttindi sem starfsfólk á almennum vinnumarkaði hefur.

Hér hefur aðeins verið lauslega dregið á fáein atriði frumvarpsins og greinargerðar með því en að þessu frumvarpi óbreyttu er horfið aftur á bak en ekki til nútímalegs horfs.